

134 bað fara fram með opinberu eptirliti á öllu sauðfje í Borgarfjarðarsýslu, Kjósar- og Gullbringusýslu, umdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, og þeim parti Arnessýslu, sem er fyrir vestan Brúará, Hvítá og Ölvesá.

2.

Þangað til bað þetta er um garð gengið og næstu 6 vikur eptir það, skal halda uppi hálfsmánaðarskodunum á öllu sauðfje í nefndum sýslum samkvæmt reglum þeim, er fyrirskipaðar eru í 3. grein auglýs. frá 30. ágúst f. á.; en 6 vikum eptir það má, ef engin grunsemð kemur fram, strjála skodunum, svo að þær verði með mánaðarfresti. Nú verður vart við kláða eptir það, og skal þá taka upp aptur hálfsmánaðarskodanir samkvæmt nánari ákvörðun lögreglustjóra, og jafnframt því, að fjeð á viðkomandi bæ og nábúabæjum sje tekið til rækilegra lækninga.

3.

Hreppsnefndirnar skulu styðja að því, að nægileg þaðmeðul verði útveguð handa hreppunum, og að hinar gjörðu fyrirskipanir fái framgang; en lögreglustjóri, hreppstjórar og aðstodarmenn þeirra skulu, ef þeir sýna nokkuð hirðuleysi eða vanrækt á að fylgja þessum skipunum fram, bera af því ábyrgð til sekta eptir úrskurði amtmanns samkvæmt 5. gr. tilsk. 5. janúar 1866.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 30. nóvbr. 1876.

Hilmar Finsen.

Jon Jónsson.

135

Reikningur

stýrktarsjóðs *Christians konungs hins níunda í minningu 1000 ára hátíðar Íslands, um árið frá 1. sept. 1875 til 31. ágúst 1876.*

Tekjur:

Gjöld:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:

a. Innritunarskírteini litr. C. fol. 3609
að upphæð . . . 8400 kr. » a.

b. Í sparisjóðnum og í
peningum . . . 114 — » —

2. Vextir til 11. júní 1876 338 — 84 —

1. Heiðursgjafir veittar:

a. Helga Magnússyni í Birtingaholti í
Arnessýslu . 160 kr.

b. síra Jakobi
Guðmundssyni

á Sauðafelli í
Dalasýslu . 160 — 320 kr. » a.

2. Eptirstöðvar við lok reikningsársins:

a. Innritunarskírteini litr.
C. fol. 3609 . . . 8400 — » —

b. Lagt í sparisjóðinn í
Reykjavík . . . 132 — 84 —

Tekjur alls 8852 kr. 84 a.

Gjöld alls 8852 kr. 84 a.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 9. sept. 1876.

Hilmar Finsen.

Jon Jónsson.